

46

18. marz

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kjörnir til árs í senn. Velja nemendur annan úr sínum hópi, en kennarar hinn innan sinna vébanda. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum eða á annan hátt jafnöruggan, að dómi sjóðstjórnar.

8. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, ef til hans er boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og $\frac{3}{4}$ fundarmanna samþykkja breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 9. marz 1948.

F. h. nemenda Samvinnuskólans

Jónas Jónsson.

Baldur Teitsson.

Áskell Einarsson.

47

22. marz

AUGLÝSING

um breyting til bráðabirgða á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar,
nr. 5 22. jan. 1929.

1. gr.

Gjald fyrir raforku, sem Rafveita Neskaupstaðar selur, skal frá og með 1. apríl n. k. vera sem hér segir:

1. Til ljósa	150 aurar hver kwst.
2. — heimilisnotkunar	40 — — —
3. — iðnaðar	75 — — —
4. — frystihúsa	33 $\frac{1}{4}$ — — —

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar skal endurskoðuð, þegar rafstöð sú, sem nú er í smiðum í Neskaupstað, verður tekin í notkun.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi 1. apríl n. k., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. marz 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.